

Alpha Sanocryl

Bakteríudrepani málning fyrir heilbrigðisstofnanir



Efnislýsing

Alpha Sanocryl er mött, vatnsþynnanleg akrýlmálning með virkum silfurjónum, sérhönnuð til að vinna gegn bakteríum, t.d. E.coli og ónæmum Staphylococcus aureus (MRSA/Mósa). Silfurjónirnar eru ekki skaðlegar heilsu manna en virkni þeirra er sérhæfð við það að bakteríur geta ekki fjölgað sér á yfirborði málningarinnar og drepast því á mjög skömmum tíma. Bakteríueyðandi virkni Alpha Sanocryl eykst við þvott og skrúbbun og hún heldur virkninni alveg jafnvel eftir endurtekinn þvott. Virkni silfurjónanna kemur jafnframt í veg fyrir að mygla þrífist í málningarfilmunni. Blóð, Iso-betadine og önnur sóttþreinsiefni skilja ekki eftir sig bletti eftir hreinsun og eru einangruð eftir endurmálun. Auðvelt er að mála með Alpha Sanocryl og hún þekur sérlega vel. Hún hefur langan opnunartíma, er auðveld í viðhaldi og þolir þríf afar vel – uppfyllir hæsta staðal í þvottveldni og rispupoli. Alpha Sanocryl er lyktarlítill, hraðþornandi og hefur fallega og jafna áferð.

Alpha Sanocryl hentar á loft og veggj úr gífsi og steypu, á spartlaða fleti og glertrefjafæfni. Mælt er með henni á húsnæði fyrir heilsugæsluþjónustu, opinberar byggingar og víðar þar sem óskað er eftir góðu hreinlæti og draga þarf úr sýkingarhættu. Alpha Sanocryl hentar jafnt við nýmálun sem á áður málaða fleti.

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Gífsundirlag skal vera nægilega bundið og hart. Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með Nordsjö Microdispers.
2. Málið tvær umferðir af Alpha Sanocryl og látið þorna í 2-4 klst. milli umferða.

Endurmálun

1. Þrifið heila málningarfilmu með Nordsjö Málartvätt. Látið flötinn þorna alveg.
2. Mattslípið gljáandi og/eða olíumálaða fleti. Fjarlægjið allt ryk.
3. Fjarlægjið lausa og sprungna málningu og gerið við áferðargalla. Grunnið viðgerðir með viðeigandi grunni, sbr. nýmálun.
4. Málið tvær umferðir af Alpha Sanocryl og látið þorna í 2-4 klst. milli umferða.

Heilsufars- og umhverfismál

Við slípun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Matt, um 7%

Þurrefni: Um 55% af vigt og 33% af rúmmáli

Þéttleiki: 1,3-1,4 kg/dm³

Hiti við málun: 5-30°C. Hitastig undir 10°
tefur þornun

Rakastig: Mest 80%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Pensill, rúlla eða loftlaus (*airless*)
málningarsprauta

Upplýsingar um sprautun:

Þrýstingur úða: 160-180 bör

Spíssastærð: 0,015-0,017 tommur

Gráðuhalli: 40°

Sífa í byssu: Gul (100 möskva)

Lofthetta: Græn

Þrýstingur loftsprautu: Um 4 bör

Þekja: Um 10 m²/l (veltur á vinnsluáferð,
lögun hlutar og gæðum yfirborðs)

Þornun við 20°C/65% RH: Snertipurt eftir 1
klst. Yfirmálun eftir 2-4 klst.

Hreinsun: Vatn

Þvottveldni: Flokkur 1 í samræmi við DIN EN
13300. Þolir nudd og þvott með sápuvatni án
ætandi efna

Litur: Hvítur og úrval annarra lita

Umbúðir: 10 lítra fötur

Geymsluþol: Minnst 12 mánuðir í lokuðum
ílátum

Geymsla: Í þurrri, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir
þessa vöru er (fl. A/a) 30 g/l (2010).

Inniheldur mest 10 g/l

Vottun: BREEAM HEA 9 (fl. A/a) WB

VOC í Alpha Sanocryl mælt samkvæmt ISO
11890-2: 2006: 9 g/l